

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 16. ágúst 1976 um laun innheimtu-
manna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Innheimtulaun skulu greidd vegna innheimtu ríkissjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. lögum nr. 6/1976 eða innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Þá skulu greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalds er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð, sbr. þó 11. gr. laga nr. 57/1949, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ákveði innheimtumaður að um löggjör hans fari samkvæmt niðurstöðu kjaradóms frá 5. janúar 1985, sbr. lög nr. 41/1984, skulu ekki greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, sbr. lög nr. 84 31. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.